



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/581*  
*komudagur 9.12.2013*

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 9.12.2013  
Tilvísun: 201312-0008

**Efni: Frumvarp til laga um húsaleigubætur 147. mál.**

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta að öðru leyti en því að gildandi 2.mgr. 4.gr. er hlutlaus gagnvart því á hvaða stigi nám er. Engin ástæða er til þess að mismuna í rétti til bóta vegna náms innan sveitarfélags og mælir ASÍ með því að frumvarpinu verði breytt þannig að orðin „á framhalds- og háskólastigi“ verði felld út.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Magnús M. Norðdahl'.

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sættúni 1 • Reykjavík  
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601  
asi@asi.is • www.asi.is

11. desember 2013

**Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsaleigubætur. (réttur námsmanna).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um húsaleigubætur. Sveitarstjórn telur heppilegt að skoða möguleika námsmanna til rýmkunnar á reglum um húsaleigubætur.

Jón G. Valgeirsson  
sveitarstjóri Hrunamannahrepps

**Umsögn (umbeðin, innra vinnuskjal)**

Umsagnar óskaði: 1148. fundur bæjarráðs Mosfellsbæjar 19.12.2013.  
Varðandi: Erindi nefndarsviðs Alþingis 147. mál 143. lþ. vegna frumvarps til breytinga á lögum um húsaleigiubætur nr. 138/1997.  
Nr. erindis 201312076/50.13  
Dags.: 30.12.2013  
Málefni: Umsögn framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs

---

Frumvarp til breytinga á lögum um húsaleigubætur sbr. 147.mál 143 lþ. felur í sér rýmkun á rétti námsmanna innan sama sveitarfélags til húsaleigubóta.

Fyrir liggur umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga das. 19. desember 2013 þar sem fram kemur að samráðsnefnd (skipuð á grundveli 10.gr. lagan nr. 118/2003 um húsaleigubætur), sem falið hefur verið að fylgjast með framkvæmd laga um húsaleigubætur, hefur ekki tekið afstöðu til tillagna frumvarpsins. Mörg álitamál um jafnræði og samræmi koma upp sé vikið frá meginreglum sem gilt hafa um húsnæðisstuðning. Í því ljósi og að vinna við framtíðarskipan opinbers húsnæðisstuðnings stendur yfir er umrædd tillaga um breytingu á lögum um húsaleigubætur ekki tímabær.

Virðingarfyllt  
Unnur V. Ingólfssdóttir,  
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/719**  
**komudagur 19.12.2013**

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. velferðarnefndar

Reykjavík 19. desember 2013

Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

1309036SA TP  
Málalykill: 401

**Efni: Frv. til breyt. á lögum um húsaleigubætur (réttur námsmanna innan sama sveitarfélags) – 147. mál 143. lþ.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. desember sl., þar sem ofangreint þingmál var sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Starfandi er samráðsnefnd sem falið hefur verið að fylgjast með framkvæmd laga um húsaleigubætur. Nefndin er skipuð á grundvelli 10. gr. reglugerðar nr. 118/2003 um húsaleigubætur, og samanstendur af fulltrúum frá sambandinu og velferðarráðuneytinu. Hlutverk nefndarinnar er að vera samráðsvettvangur ríkis og sveitarfélaga varðandi framkvæmd og þróun húsaleigubótakerfisins. Samkvæmt reglugerðinni skal nefndin fjalla um tillögur um breytingar á lögum um húsaleigubætur og reglugerð þar að lútandi, meta kostnað slíkra breytinga og önnur áhrif. Einnig skal nefndin miðla upplýsingum til sveitarfélaga.

Nefndinni hafa borist ýmsar ábendingar um framkvæmd húsaleigubótakerfisins, þar á meðal um þau tilvik sem eru tilefni ofangreinds frumvarps. Nefndin hefur ekki tekið afstöðu til slíkra ábendinga en ljóst er að margvísleg álitamál um jafnræði og samræmi koma upp, ef ætlunin er að víkja frá þeim meginreglum sem gilt hafa um húsnæðisstuðning til námsmanna. Er þá enn fremur haft í huga að fleiri breytingatillögur hafa verið til umfjöllunar, sbr. 72. mál yfirstandandi löggjafarþings. Í umsögn sambandsins um það þingmál var vísað til þess að vinna við framtíðarskipan opinbers húsnæðisstuðnings standi yfir. Talið var að umrætt þingmál væri ekki tímabært, enda ættu lagabreytingar og aðrar ráðstafanir í þágu námsmanna að haldast í hendur við almennar aðgerðir stjórnvalda í húsnæðismálum.

Sambandið lýsir yfir sömu afstöðu til ofangreinds frumvarps en tekur jafnframt undir nauðsyn þess að álitamál um húsnæðisstuðning til námsmanna verði skoðuð. Sambandið mun fyrir sitt leyti koma sjónarmiðum um þetta á framfæri í vinnu við framtíðarskipan húsnæðismála.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

11. desember 2013

Velferðarnefnd Alþingis óskaði umsagnar frumvarp til laga um húsaleigubætur (námsmenn), 147. mál.

Á fundi Sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps var eftirfarandi bókað :

1. Umsögn um frumvarp nr. 147 um húsaleigubætur námsmanna. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tekur heilshugar undir frumvarpið.

Það tilkynnist hér með.

*Með kærri kveðju*  
*Kristófer Tómasson*  
*Sveitarstjóri Skeiða-og Gnúpverjahrepps*  
*Sími 486-6100 beinn sími 486-6113 gsm 861-7150*  
*netfang : [kristofer@skeidgnup.is](mailto:kristofer@skeidgnup.is)*  
*veffang: [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is)*  
*Árnes 801 Selfoss*

